

Lestrarkennsluáðferðin sjáðu – heyrðu – finndu komin út á bók

# Tilhneiging til að fjölga börnum í rými og erilshávaði eykst

Lítt hugað að hlustunargetu barna. Þau sem sitja aftast heyrast um 30% af því sem sagt er miðað við 7-8 metra fjarlægð.

Skólakerfið hefur tilhneingingu til að fjölga börnum í rýmum. Slíkt hefur í för með sér aukinn erilshávaða í skólastofunum sem langt í frá eru alltaf friðsamlegur vinnustaður. Börn, alveg eins og fullorðnir, eiga erfitt með að einbeita sér í hávaða. Mörg börn eiga sér sögu um eyrnabólgu og rör í eyru. Líttill gaumur er gefinn að því hver hlustunargeta barna er. Börnum er blandað í bekk, öllum boðið inn en ekki tekið nægilegt tillit til þeirra sem eru, t.d. tvítyngdir.

Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir radd- og talmeinafræðingur hefur bent á að allt þetta, hávaða í skólastofu, einbeitingarleysi og hlustunargetu, allt hafi þetta áhrif þegar verið er að kenna börnum að lesa. Hún hefur sent frá sér bókina *Lestrarkennsluáðferðin sjáðu – heyrðu – finndu – Ævintýraför Stubbs og Stubbálinu í Stafalandið*. Hún hefur fengið mjög góð viðbrögð við bókinni.

## Snerti- og hreyfiskynið virkjað


„Þetta er nýstárleg leið til að kenna lestur og sú leið sem ég fór með mína dóttur sem er heyrnarlaus, börn sem ekki heyrast þurfa að nýta sér aðra leið til að læra að lesa og þá leið geta fleiri nýtt,“ segir Valdís en bókina tileinkar hún dóttur sinni, Önnu Kristínu Óladóttur og baráttu þeirra mæðgna við að kenna henni lestur og talmál.

Bendir Valdís á að langflestar kennsluáðferðir byggist á heyrnar- og sjónskynjun þess sem er að læra að lesa. Viðbótin sem boðið er upp á í bókinni um Stubb og Stubbálinu byggir á þeirri aðferð að kenna börnunum hvar hljóðin myndast í munnum og hvernig þau eru mynduð. Þannig læra nemendur lestur með því að beita sjón- og heyrnarskyni og líka þreif-, snertri- og hreyfiskyni.

## Viðkvæmt mál

### að gagnrýna skólakerfið

Valdís segir að mörgu sé að hyggja þegar kemur að lestrarkennslu og í raun hvaða kennslu sem er. „Hraðinn er að drepa skólakerfið, það þarf allt að gerast svo hratt. Það er alltof of mikill fjöldi inni í hverjum bekk að jafnaði, börn sem eru ólík á margar hátt, sum tvítyngd og önnur sem eru að fást við raskanir af margvíslegu tagi. Börnunum er blandað saman og það er auðvitað mjög viðkvæmt mál að gagnrýna þessa stefnu,“ segir Valdís sem sjálf er fylgjandi



„Börn hafa mun minni hlustunargetu en fullorðnir og við erum að mínu mati of mikið að horfa framhjá því. Það er deginum ljósara í mínum huga að það þarf að bregðast við, slök hlustunargeta hefur án efa áhrif á getu t.d. til að læra að lesa,“ segir Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir með bók sína *Lestrarkennsluáðferðin Sjáðu – heyrðu – finndu, Ævintýraför Stubbs og Stubbálinu í Stafalandið*. Mynd MPP

því að blanda í bekk. „En þetta gerir skólakerfið mjög eldfimt, því ætlunin er að allir lifi í sátt og samlyndi en svo búum við ekki betur í íslenska skólakerfinu en það að við höfum ekki nægilega góð úrræði fyrir þá sem ekki falla í almenna og einsleita hópinn. Við erum með stóra hópa af mismunandi börnum í opnu rými með miklum hávaða, erli og áreiti.“

## Þeir sem sitja aftast heyrast um 30% af því sem kennari segir

Valdís bendir á að í eina tíð hafi heyrn barna verið könnuð þegar þau hófu skólagöngu, en sú skoðun hafi verið lögð niður í sparnaðarskyni fyrir allmörgum árum. Vitað sé að eyrnaheilsa margra barna sé ekki góð, þannig hafi til að mynda rannsókn sem

gerð var í leikskóla fyrir örfáum árum leitt í ljós að 30 - 40% leikskólubarna höfðu fengið í eyrun og mörg þeirra fengið rör. „Mér virðist eins og þessi þáttur hafi orðið út undan, það er eins og almennt hafi fái áhyggjur af því hvort börnin geti heyrt það sem við þau er sagt,“ segir Valdís og nefnir að standi kennari upp við töflu og tali yfir bekkinn, þá hafa rannsóknir sýnt að þau sem sitja aftast nái að heyrast um það bil 30% af því sem sagt er miðað við um 7 - 8 metra fjarlægð til hlustenda.

## Erilshávaði veldur óþægindum

„Börn hafa mun minni hlustunargetu en fullorðnir og við erum að mínu mati of mikið að horfa framhjá því. Það er deginum ljósara í mínum huga að það þarf að bregðast við, slök hlustunargeta hefur án efa áhrif á getu t.d. til að læra að lesa,“ segir hún og bendir á mikilvægi þess að ná niður hávaða í skólastofum. Bæði sé um að ræða bakgrunnshávaða sem kemur frá tækjum og tólum, loftræstingu, ljósum, hitakerfum, umferð og fleiru en það sé hlutverk hljóðvistunarfræðinga að finna bót á því. Erilshávaði er aftur á móti óútreiknanlegur og ófyrirsjáanlegur og kemur frá hreyfingu og athöfnum fólks og munnhljóðum. „Þessi erilshávaði – samkvæmt rannsóknum – virðist valda börnum meiri óþægindum en bakgrunnshávaðinni og skólafyrirvöld og kennarar verða að finna ráð til að stemma stigu við honum,“ segir Valdís.

Hún nefnir líka að kennarar þurfi mjög að huga að raddheilsu sinni, en rannsóknir sýni að víða sér pottur brotinn í þeim efnum og kennarar búi margir hverjir við slæma raddheilsu. Rödd verði að geta borið talað mál til áheyranda. Það gerir t.d. hás rödd ekki.

## Góð viðbrögð

Valdís segir að kennarar hafi í töluverðum mæli nýtt sér bók hennar við lestrarkennslu og hafi hún gagnast þeim vel. Þeir hafa að sögn nefnt að hún opni skilning barna og brekki þekkingu á stöfunum og eðli þeirra. Börn séu alls konar og þau læri líka á ýmsan máta, en fram til þessa hafi skort meiri breidd í nálgun í lestrarkennslu. „Ég hef heyrt kennara lýsa yfir ánægju með þessa bók og þá nálgun sem hún býður upp. Hún virðist skila árangri við lestrarkennslu,“ segir Valdís.



*Lestrarkennsluáðferðin sjáðu – heyrðu – finndu – Ævintýraför Stubbs og Stubbálinu í Stafalandið. hefur fengið góðar viðtökur. Hér er verið að kanna um „væluhljóðin“ Ó.*